

Nd.

472. Frumvarp

til laga um bráðabirgðahækkun á útflutningsgjaldi af sjávarafurðum.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Útflutningsgjald það af sjávarafurðum, sem ákveðið er í lögum nr. 16, 4. nóvember 1881, nr. 10, 13. apríl 1894, nr. 8, 6. mars 1896, nr. 11, 31. júlí 1907, og nr. 31, 22. október 1912, skal hækka um helming (100%).

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 16. sept. 1917 og gilda til ársloka 1919.

Á s t æ ð u r .

Fjárhagsnefndin hefir viljað sjá fyrir því, að tekjuauki yrði einhver hjá landssjóði, eða að minsta kosti fyllt upp að nokkru þau skörð, sem í tekjur landsins koma, t. d. við það, að verðhækkunartollurinn fellur úr gildi á þessu ári.

Frumv. þetta fer fram á, að útflutningsgjald það af sjávarafurðum, sem nú er, hækki nokkuð, eða tvöfaldist. Er með þessu *ekki* lagður tollur á neitt *nýtt*, og ákvæðin eru, eins og frumv. ber með sjer, að eins til *bráðabirgða*. Ætlast er til, að lögin gangi í gildi þann dag, er verðhækkunartollslögin falla úr sögunni, og gildi út fjárhagstímabilið, en þegar á næsta sumri, ef þing verður þá háð, má gera hjer breytingu á, eftir breyttum ástæðum, svo sem hugsa til sjerstaks síldartolls eða þess háttar.

Til fróðleiks skal þess getið, að útflutningsgjald af fiski og lýsi var árið 1915 259 þús. kr. og af sild 192 þús. kr., eða samtals 451 þús. kr.; 1916 af fiski og lýsi 216 þús. kr., af sild 158 þús. kr., samtals 374 þús. kr. Sjá menn, að tvöföldunin af gjaldi þessu getur haft mikinn tekjuauka í för með sjer.

Eins og ljóst má vera af framanskráðu, afgreiðir fjárhagsnefndin eigi að svo stöddu verðhækkunartolls framlenging stjórnarinnar.